

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2773
komudagur 9.6.2010

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 9. júní 2010.

Efni: Breytingartillögur við frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (255. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem feiur í sér breytingar á frumvarpi um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Viðskiptaráð sendi desember síðastliðinn til viðskiptanefndar umsögn vegna frumvarps til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Voru þar gerðar athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins og vill ráðið ítreka þær athugasemdir sem þar komu fram.

Sérstaklega vill Viðskiptaráð ítreka þá afstöðu sína að með vel uppbyggðu og skilvirku tryggingakerfi, eins og frumvarpinu er ætlað að innleiða, gerist ekki þörf fyrir ríkisábyrgð, enda eigi ekki að koma til slíkrar ábyrgðar vegna starfsemi fjármála fyrirtækja, hvort sem opinber eða einkarekin.

Mjög knappur tími var gefin til umsagnar á fyrirliggjandi breytingartillögum og munu því athugasemdir Viðskiptaráðs miðast við þær breytingar sem gerðar hafa verið á þeim ákvæðum sem ráðið gerði athugasemdir við í fyrri umsögn sinni. Ekki voru þó gerðar verulega breytingar á þeim þáttum frumvarpsins sem ráðið gerði athugasemdir við og vísast því til fyrri umsagnar og þær athugasemdir sem þar koma fram ítrekaðar.

Með breytingartillögunni eru gerðar smávægilegar breytingar á skipun stjórnar Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta í 4. gr. Í fyrri athugasemd sinni gerði ráðið athugasemd við skipun í stjórn sjóðsins og fækkun á fjölda stjórnarmanna frá fyrra fyrirkomulagi. Í umsögn sinni lagði ráðið til að í stjórn Tryggingasjóðsins væri skipað af Efnahags- og viðskiptaráðherra, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu á grundvelli sérfræðilpekkingar þessara stofnana. Fyrirliggjandi breytingartillaga leggur til að tveir stjórnarmenn verði skipaðir af ráðherra og einn tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Undirrituð fagnar þessari breytingu en ítrekar afstöðu til aðkomu Fjármálaeftirlitsins að stjórn sjóðsins, enda gegnir það eftirlitshlutverki með innstæðum.


Fyrirliggjandi breytingartillaga hækkar hámarkstryggingarmörk vegna innstæða úr 50.000 evrum frá tillögu frumvarpsins í 100.000 evrur. Ekki fylgir greinargerð með breytingartillögunum, verður því að gera ráð fyrir að þarna sé vísað til 3 greinar tilskipunar 2009/14/EB sem er til breytingar tilskipun 94/19/EB um innstæðutryggingar. Í þeirri tilskipun voru tryggingarmörk hækkuð í 50.000 evrur en gert ráð fyrir að markið yrði 100.000 Evrur frá 31. desember 2010, ef áhættumat Evrópuráðsins myndi ekki sýna að slíkt væri óhentugt og fjárhagslega óhagkvæmt.

Samkvæmt upplýsingum er undirrituð aflaði sér er umrætt áhættumat og skýrsla vegna þess ekki tilbúið en forrannsókn vegna hennar leiddi í ljós að þeir sem til var leitað, þ.e. bankar, bankasamtök, opinber fyrirtæki og stofnanir, almennir álitsgjafar og evrópskar og alþjóðlegar stofnanir, telja að slík hækking sé framkvæmanleg og markið skyldi hækkað. Nokkur aðildarríki hafa þegar framkvæmt hækkinguna og gera má ráð fyrir að önnur fylgi í kjölfarið ef Evrópuráðið festir í sessi þessa hækkingu.

Verður þó að varpa fram þeirri spurningu hvort ekki væri skynsamlegt fyrir Ísland að halda þeim mörkum sem miðaða er við nú, þ.e. 50.000 evrur, þar til hækkun umfram það hefur endanlega verið staðfest. Þá sérstaklega í ljósi þess ástand sem nú ríkir hér á landi, efnahagsleg óvissa, eignarhald banka og framtíðarform ekki fest í sessi og lcesave-deilan enn óleyst. Undirrituð telur að vegna þess væri betra að bíða eftir endanlegri niðurstöðu um hækkun lágmarkstryggingarverndar áður en breytingin tekur gildi hér á landi.

Viðskiptaráð leggur til að breytingartillagan nái fram að ganga að teknu tilliti til fyrri og ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð